



# Samkeppnisréttaráætlun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Janúar 2022

## Inngangur

Stjórn og stjórnendur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) leggja áherslu á að starfsemi sjóðsins sé í góðu samræmi við gildandi samkeppnislög og viðurkennd viðmið í samkeppnisrétti. Með innleiðingu samkeppnisáætlunarinnar (hér eftir nefnd áætlun) er leitast við að tryggja fylgni við samkeppnislög og lágmarka hættu á árekstrum við ákvæði samkeppnislaga vegna ákvarðana eða annarrar starfsemi LV.

Áætlunin nær til allrar starfsemi sjóðsins og gildir þannig um störf allra starfsmanna.

## Stefnuyfirlýsing stjórnar og stjórnenda

Stjórn LV setur sjóðnum samkeppnisréttaráætlun þessa. Það er ásetningur LV að ástunda í hvívetna vinnubrögð sem samræmast ákvæðum samkeppnislaga og að allir stjórnendur og aðrir starfsmenn sjóðsins hafi ákvæði samkeppnislaga að leiðarljósi í störfum sínum.

Samkeppnislög eru sett til að efla virka samkeppni og vinna gegn viðskiptaháttum sem hafa að markmiði, eða af þeim leiðir, að samkeppni er raskað eða hún takmörkuð. LV vill stuðla að því að starfsemi lífeyrissjóðsins sé til þess fallin að vernda og efla virka samkeppni og stuðla þannig að því að framleiðsluþættir samfélagsins séu nýttir með hagkvæmum hætti. Það er einnig í þágu langtíma hagsmuna LV sem fjárfestis.

Ákvæði þessarar áætlunar ber ekki að túlka þannig að það leggi á herðar stjórnarmanna og starfsmanna meiri skyldur en leiða af samkeppnislögum.

## Tilgangur og markmið samkeppnisréttaráætlunar LV

Tilgangur og markmið samkeppnisréttaráætlunar LV er að greina samkeppnisréttarlega áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og draga úr hættu á árekstrum við ákvæði samkeppnislaga. Í þessu skyni er lögð áhersla á eftirfarandi:

- a) **Vitund og viðhorf:** Stjórn, stjórnendur og starfsmenn LV skulu tileinka sér góða þekkingu og jákvætt viðhorf til samkeppnislaga og samkeppnisreglna. Þannig aðlaga þeir starfshætti sína m.a. að þeim málefnalegu kröfum sem gera má til sjóðsins með hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga. Einnig skal meta samkeppnisréttarlega áhættu eftir því sem við á hverju sinni og hafa í gildi verkferla sem lágmarka hættu á samkeppnisbrotum og ferla sem taka á því hvernig bregðast skuli við ef ákvæði samkeppnislaga hafa verið brotin eða grunur vaknar um slík brot.



- b) **Fræðsla og þekkingaröflun:** Stjórn, stjórnendur og starfsmenn LV skulu eiga kost á fræðslu hjá LV um ákvæði samkeppnislaga og samkeppnisreglur og hvernig á þær getur reynt í starfsemi sjóðsins. Stjórnendur og aðrir starfsmenn skulu hafa aðgang að ráðgjöf lögfræðings og eftir atvikum annarra sérfræðinga um samkeppnisréttarleg álitamál í störfum þeirra.
- c) **Samkeppnisréttur og dagleg störf:** Markmiðið er að fagleg umgengni um samkeppnislög og samkeppnisréttaráætlun LV sé eðlislægur hluti af viðskiptaháttum hans. Stjórn, stjórnendur og starfsmenn LV skulu því hafa samkeppnislög í huga í daglegum störfum sínum.
- d) **Aðgæsla og fagmennska:** Stjórn, stjórnendur og starfsmenn LV skulu sýna aðgæslu og fagmennsku í samskiptum við alla aðila þar sem reynt getur á ákvæði samkeppnislaga.

### Afleiðingar samkeppnisbrota

Mikilvægt er að koma í veg fyrir eða takmarka eins og unnt er áhættu af samkeppnisréttarbrotum. Slík brot geta spornað gegn heilbrigðri samkeppni og haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, skaðað orðspor LV og valdið miklu fjárhagstjóni, auk mögulegrar refsíabyrgðar einstaklinga.

### Menntun og fræðsla stjórnarmanna, stjórnenda og annarra starfsmanna

Til þess að styðja við virkni samkeppnisréttaráætlunar LV skulu stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn LV, sem geta þurft að taka ákvarðanir um eða afstöðu til samkeppnislegra álitafna, eiga kost á fræðslu um samkeppnislög og aðrar reglur samkeppnisréttar. Þetta á meðal annars við um stjórnarmenn sem og starfsmenn sem taka fjárfestingarákvarðanir og ákvarðanir um kjör viðskiptavina LV og eru í reglulegum samskiptum við keppnina eða aðra markaðsaðila. Í þessu skyni skulu haldin námskeið og útbúið og/eða haft aðgengilegt upplýsingaefni um samkeppnismál.

Nauðsynlegt er að viðhalda þekkingu starfsmanna og stjórnenda. Því er símenntun hluti af áætluninni. Til að mynda vegna skipulags- eða starfsmannabreytinga, vegna nýrra ákvarðana samkeppnisyfirvalda, breytinga á samkeppnislögum eða annarra atriða sem þýðingu geta haft fyrir starfsemi LV.

### Umsjón með framkvæmd samkeppnisréttaráætlun LV

Framkvæmdastjóri LV er ábyrgðaraðili samkeppnisréttaráætlunarinnar. Hann ber í samræmi við almennar starfsskyldur sýnar ábyrgð á því að áætluninni sé fylgt, að hún sé aðgengileg starfsmönnum LV og þeir fái fræðslu um hana og hafi aðgang að nauðsynlegri ráðgjöf henni tengdri.

Umsjón með nánari framkvæmd áætlunarinnar er hins vegar á starfssviði lögfræðisviðs.



**Um hlutverk lögfræðisviðs:** Lögfræðisvið LV gegnir mikilvægu hlutverki varðandi innleiðingu og umsjón með samkeppnisréttaráætluninni. Lögfræðisvið getur, eftir atvikum í samráði við framkvæmdastjóra eða formann stjórnar, leitað utanaðkomandi ráðgjafar eða aðstoðar vegna samkeppnisréttarlega álitaefna eða framkvæmdar samkeppnisréttaráætlunarinnar.

- Séu stjórnarmenn, stjórnendur eða aðrir starfsmenn í vafa um hvort fyrirætlanir séu samþýðanlegar samkeppnisreglum ber þeim að leita ráðgjafar lögfræðisviðs LV.
- Þeir skulu jafnframt leita til lögfræðisviðs LV telji þeir að brot gegn samkeppnislögum hafi átt sér stað sem varði starfsemi eða hagsmuni LV.

**Nánar um tiltekin verkefni lögfræðisviðs LV vegna umsjónar með samkeppnisréttaráætluninni:**

- a) Veita starfsmönnum ráðgjöf um samkeppnisréttarleg álitaefni eða tryggja að slík ráðgjöf sé í boði.
- b) Taka við ábendingum starfsmanna um háttsemi eða atvik sem meta þarf m.t.t. samkeppnisréttar.
- c) Hafa umsjón með samskiptum við samkeppnisyfirvöld og önnur stjórnvöld eftir atvikum vegna samkeppnismála, annast gagnaöflun vegna rannsókna samkeppnisyfirvalda eða athugunar á viðskiptaháttum og starfsemi LV.
- d) Sjá til þess að innan LV séu til staðar aðgengilegar upplýsingar um samkeppnisrétt. Eftir því sem því verður við komið skal leitast við að hafa aðgengilegar upplýsingar um ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem snerta starfsemi sjóðsins og þær samkeppnisréttarlegu skyldur sem varða LV sérstaklega.
- e) Tilgreina áherslur varðandi fræðslu um samkeppnisrétt og stuðla að því að, stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn fái viðeigandi menntun og þjálfun um samkeppnismál eftir því sem hæfir stöðu og verkefnum hvers og eins. Miða skal við að að jafnaði annað hvort ár séu haldin námskeið þar sem stuðlað er að fræðslu nýrra starfsmanna og endurmenntun.
- f) Upplýsa skal formann stjórnar og framkvæmdastjóra LV þegar í stað ef sterkur grunur vaknar um að samkeppnisbrot hafi átt sér stað sem varðar starfsemi LV beint.

### **Ferli við tilkynningu samkeppnislaga brota**

Ef stjórnarmaður, stjórnandi eða annar starfsmaður verður þess var að samskipti hafi átt sér stað eða háttsemi viðhöfð sem geta falið í sér brot á samkeppnislögum er skal viðkomandi upplýsa yfirlögfræðing LV um slíkt án ástæðulausrar tafar.

- Yfirlögfræðingur skal bregðast þegar við og framkvæma nauðsynlega athugun eins og hægt er/eða leita sérfræðiráðgjafar frá lögmanni utan sjóðsins til að leggja rökstutt mat á hvort ábending eigi við rök að styðjast.
- Ef tilefni er til skal hann jafnframt upplýsa stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra og áhættustjóra LV um tilvikið.



Yfirlögfræðingur LV skal hafa nauðsynlegan aðgang að gögnum vegna athugunar sinnar og beinan aðgang að stjórnendum LV vegna samkeppnisréttarlegra álitafna.

Þegar yfirlögfræðingur LV hefur lokið athugun skal hann kynna niðurstöður sínar fyrir framkvæmdastjóra og áhættustjóra sem meta það í samráði við utanaðkomandi lögfræðing hvort mál sé þess eðlis að það skuli kynnt fyrir stjórn LV og/eða Samkeppniseftirlitinu ásamt tillögum um viðbrögð. Í því getur falið að upplýsa um atvik, gefa yfirlýsingu um samstarfsvilja LV við rannsókn og/eða óska eftir hlífðarmeðferð (e. leniency), þ.e. niðurfellingu eða lækkun hugsanlegra sekta sem við broti geta legið.

### Gildistaka og endurskoðun

Samkeppnisréttaráætlun þessi, ásamt viðaukum, tekur gildi 1. mars 2022. Innleiðingu skal lokið fyrir 1. nóvember 2022. Stjórn skal endurskoða áætlunina og uppfæra eftir því sem tilefni er til.

Samþykkt af stjórn LV 26. janúar 2022

Jón Ólafur Halldórsson  
formaður

Stefán Sveinbjörnsson  
varaformaður

Árni Stefánsson

Bjarni Þór Sigurðsson

Guðný Rósa Þorvarðardóttir

Guðrún Johnsen

Helga Ingólfssdóttir

Sigrún Helgadóttir